



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 5. september 2017
1706003 SPH/hs

Efni: Deilisk. - Skógarhverfi 2. áf. breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 4. sept. 2017, var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Skógarhverfis var auglýst skv. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 4. júlí 2017. Athugasemdafrestur var til 22. ágúst 2017.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Í breytingunni felst:

Almenn breyting á ákvæðum um bílastæði fyrir fjölbýlishús þar sem fjöldi bílastæða fer eftir stærð íbúða.

Breyting á lóðamörkum og sameining byggingarreita á lóðunum við Álfalund 6-12 og Akralund 13-23.

Raðhús og parhús við Álfalund 2-26 (jafnar tölur) og Akralund 13-41 (oddatölur) verða einnar hæðar í stað tveggja hæða.

Byggingarreit fjölbýlishúss við Akralund 6 er breytt, hann einfaldaður og skásettur miðað við aðliggjandi reiti.

Engin athugasemd barst.



Akraneskaupstaður

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Deiliskipulagsuppdráttur

